

**196. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. nóvember 2021, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Karl Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Halldór Árnason og Valdís Einarsdóttir

*Fundarritari:* Anna Hallgrímsdóttir (AH)

Formaður setti fund kl. 10.30.

**Fundargerð 195. fundar**

**Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**Landvarsla við Breiðafjörð**

Rætt hvernig best megi nýta krafta Breiðafjarðarnefndar og hvernig megi koma markmiðum nefndarinnar í framkvæmd á sem skilvirkastan máta. Rætt var hvort aðrar leiðir en aðkoma Breiðafjarðarnefndar að landvörslu geti betur þjónað markmiðum nefndarinnar um verndun fjarðarins.

**Afgreiðsla:**

Fá sundurliðun á kostnaði við Landvörslu í Breiðafirði frá Umhverfisstofnun. Taka svo aftur fyrir á næsta fundi.

**Uppfærsla á Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Verndaráætlun rædd.

**Afgreiðsla:**

Ritari sendir nefndarmönnum stöðuna á hinum ýmsu þáttum áætlunarinnar. Fá tilboð frá Náttúrustofum Vesturlands og Vestfjarða í uppfærslu á áætluninni.

**Umsögn um vinnslutillögu aðalskipulags Reykhólahrepps**

Nefndin ræddi tillögur.

**Afgreiðsla:**

Koma með ábendingu til sveitastjórnar Reykhólahrepps um að innan aðalskipulags má finna svæði sem eru skráð á B-hluta Náttúruminjaskrár.



**Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021**

Staðan á fjármálum rædd.

**Önnur mál**

Engin önnur mál.

**Næsti fundur áætlaður í Stykkishólmi þriðjudaginn 30.nóvember**

**Fundi slitið kl. 12:00.**